

Alþingi
Erindi nr. P 139/1307
komudagur 14.2.2011



Alþingi-nefndasvið
Umhverfisnefnd
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík
ICELAND

Fornleifavernd ríkisins

Suðurgata 39, 101 Reykjavík
Sími: 555 6630, Bréfsími: 555 6631
Heimasíða: www.fornleifavernd.is

Reykjavík 13. febrúar 2011

Efni: Umsögn vegna frumvarps til laga um umhverfisábyrgð, þskj. 345 - 299. mál.

Óskað hefur verið umsagnar Fornleifaverndar ríkisins vegna frumvarps til laga um umhverfisábyrgð, þskj. 345 - 299. mál. Um er að ræða innleiðingu á tilskipun 2004/35/EB frá 21. apríl 2004, um umhverfisábyrgð í tengslum við varnir og úrbætur vegna umhverfistjóns. Tilskipunin beinist fyrst og fremst að náttúruverndargeiranum og þeim skaða sem hann getur orðið fyrir. Frumvarpið nær ekki einnig utan um menningarumhverfið, sem er galli. Í lagafrumvarpinu eru þjóðgarðar, landslag, friðlönd, fólkvangar og náttúrubætti nefnd sem svæði sem lögin gilda um (t.d. 6. gr. 14.c. og d. og í athugasemdum við greinarnar), en ekki virðist gert ráð fyrir fornleifum eða menningarlandslagi sem hluta af umhverfinu, sem það vissulega er á öllum þessum svæðum. Ekki virðist gert ráð fyrir að fornleifarnar geti orðið fyrir skaða vegna umhverfistjóns. Um fornleifar og menningarlandslag er fjallað í þjóðminjalögum nr. 107/2001.

Í grein 1.3.3 í I. Viðauka frumvarps til laga um umhverfisábyrgð, þar sem fjallað er um mat á valkostum til úrbóta vegna umhverfistjóns, segir þó að meta skuli eðlilega kosti til úrbóta m.a. með tilliti til þess að hve miklu leyti hver kostur tekur mið af félagslegum, efnahagslegum og menningarlegum sjónarmiðum sem skipta máli. Spurning Fornleifaverndar ríkisins er, hvað er hér átt við með menningarlegum sjónarmiðum ?

Í þjóðminjalögum (nr. 107/2001) eru ákvæði um rask á fornleifum og hvernig bregðast skuli við því, sjá gr. 10, 12, 13 og 14, en ekki er fjallað sérstaklega um umhverfistjón.


Í síðustu málsgrein athugasemdar við 3. grein eru tekin dæmi um hættu fyrir heilsufar manna vegna skaðlegra efna í jörðu. Þar er nefnd garðvinna, en vert er að benda einnig á fornleifauppgröft, þar sem heilsu fornleifafræðinga er á sama hátt ógnað ef þeir grafa upp mengaðan minjastað. Þá er vakin athygli á að mengun hraðar eyðingu forngrípa í jörðu.

Ef menningarminjar yrðu teknar inn í lög um umhverfisábyrgð, sem hluti af umhverfi okkar, þyrfti væntanlega að gera víðtækar breytar á lagafrumvarpinu. Breyta þyrfti skilgreiningu á hugtakinu umhverfistjóni og breyta texta margra greina frumvarpsins þannig að hann fjallaði

ekki einvörðungu um náttúrulega þætti heldur einnig um menningarminjar. Þá er rétt að benda á að í 22. gr. laganna segir að umhverfisráðherra fari með yfirstjórn mála samkvæmt lögnum og að Umhverfisstofnun hafi umsjón og eftirlit með framkvæmd laganna. Yfirumsjón menningarminja er í höndum mennta- og menningarmálaráðaherra og Fornleifavernd ríkisins hefur umsjón með þeim f.h. mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Fornleifavernd ríkisins yrði því að fá sömu stöðu og Umhverfisstofnun er ætlað í lögnum t.d. varðandi mat á tjóni á fornleifum/menningarlandslagi (sbr. 11. gr.), ýmis fyrirmæli (sjá III. Kafla), úrræði stjórnvalda á kostnað rekstraraðila (23. gr.) og gjaldtöku (29. gr.).

Fornleifavernd ríkisins gerir sér grein fyrir að hér er um innleiðingu á tilskipun vegna EES samningsins að ræða, en spurningin er, hvort eðlilegt sé að tilskipunin nái ekki einnig til menningarumhverfis ?

Virðingarfyllst



Kristín Huld Sigurðardóttir
Forstöðumaður